

## Hlutverk heimilis

Foreldrar/forráðamenn:

- byggja upp sjálfstraust barnsins, hrósi og hvetji barnið áfram.
- lesi reglulega fyrir barn sitt, ræði innihald textans og útskýri torskilin orð.
- hlusti á barn sitt lesa a.m.k. 5x í viku.
- fylgist með að heimanámi sé vel sinnt, frágangur vandaður og skilað á réttum tíma.
- sé í góðu sambandi við umsjónarkennara og skóla barnsins.
- ræði á jákvæðan hátt um skóla og nám.

## Hlutverk skóla

Starfsfólk skóla:

- byggja upp sjálfstraust barnsins, hrósi og hvetji barnið áfram.
- aðstoði nemanda að finna lesefni við hæfi.
- láti nemanda lesa sem oftast upphátt, helst daglega.
- hjálpi nemanda að skipuleggja sig og passi upp á að heimanám sé við hæfi.
- þjálfí nemanda í að vanda allan frágang.

*Umsjónarkennari er í góðu sambandi við*

## Læsisstefna Laugalandsskóla

Markmið lesturs eru:

- að móta jákvæð viðhorf barna og unglinga til læsis.
- að efla orðaforða og málskilning.
- að efla máltjáningu og frásagnarhæfni.
- að efla hjóðkerfisvitund og hlustun.
- að móta sér sjálfstæða skoðun og koma henni frá sér á skýran hátt.
- að allir nemendur geti lesið sér til gagns og skemmtunar.



Laugalandsskóli

## Lestrar- stefna Yngsta stig 1.-2. bekkur



# 1. bekkur

# 2. bekkur

	Markmið	Leiðir	Mat	Viðmið
Lestur	Að nemandi þekki hljóð og mynd allra stafa og lesi stutt orð og einfaldar setningar. Að nemandi auki orðaforða og mál-skilning.	Lestur kenndur eftir hljóðaaðferð og stafa-drættir jafnóðum. Nemandi lesi 3 - 5x í viku í skólanum. Nemandi fær lesefni við hæfi eins fljótt og hægt er og hefur alltaf aðgang að bókasafni skólans. Lesið er fyrir nemendur á hverjum degi, til dæmis í nestistíma.	Stafakönnun í desember og hraðlestrarpróf fyrir þá sem geta. Framfarir kannaðar í janúar og mars og lokastaða í maí.	Að nemendur séu farnir að lesa meira en 40 atkvæði (2,5) að vori.
Ritun	Að nemandi þekki lestraráttina og viti að málsgrein byrjar á stórum staf og endar á punkti.	Setningagerð kennd meðal annars með sögugerð, fyrst með aðstoð fullorðinna og síðan smátt og smátt á eigin spýtur.	Símat og leiðsögn kennara.	
Framsögn	Að nemandi þjálfist í framsögn og leikrænni tjáningu.	Nemandi tekur þátt í tveimur leiksýningum, auk þess að koma reglulega fram fyrir bekkinn.	Nemanda leiðbeint jafnóðum.	

## Íhlutun

- Þegar nemandi nær ekki settum viðmiðum er gripið inn í eins fljótt og kostur er.
- Stuðningur og ráðgjöf sérkennara og sérfræðinga frá skólajónustu er nýttur eftir þörfum.

	Markmið	Leiðir	Mat	Viðmið
Lestur	Að nemandi þekki hljóð og mynd allra stafa, stafa-drættina og lesi léttan texta og stuttar bækur. Nemandi æfi lestur eftir þeim áherslum sem greinamerki gefa til kynna. Nemandi kynnist ólíku lesefni og fái bækur við hæfi með fjölbreyttum texta.	Lestur þjálfður eftir hljóðaaðferð og stafa-drættir jafnóðum. Nemandi lesi 3 - 5x í viku í skólanum. Nemandi fær lesefni við hæfi og hefur alltaf aðgang að bókasafni skólans.	Hraðlestrarpróf í september, desember, janúar, mars og maí.	Að nemendur séu farnir að lesa a.m.k. 100-120 atkvæði á mínútu.
Lesskilningur	Að nemandi auki orðaforða og mál-skilning	Lesið er fyrir nemendur á hverjum degi, til dæmis í nestistíma. Unnið með mis-mundandi texta.	Lesskilningspróf.	
Ritun	Að nemandi viti að málsgrein byrjar á stórum staf og endar á punkti. Viti að sérnöfn byrja á stórum staf og samnöfn á litlum.	Ritunaræfingar og unnið með margvís-legan texta.	Símat og leiðsögn kennara.	
Framsögn	Að nemandi þjálfist í framsögn og leikrænni tjáningu.	Nemandi tekur þátt í tveimur leiksýningum, auk þess að koma reglulega fram fyrir bekkinn.	Nemanda leiðbeint jafnóðum.	